

Samtímagagnrýni á sögum *Sýður á keipum* eftir Jón Trausta

1) Úr Eimreiðinni: 1917: Valtýr Guðmundsson

JÓN TRAUSTI: TVÆR GAMLAR SÖGUR. Rvík 1916.

Hin fyrri af sögum þessum, »Sýður á keipum«, er frá byrjun 17. aldar, og lýsir sjómanna lífi undir Jökli á þeim tímum, en hin síðari, »Krossinn helgi í Kaldaðarnesi«, frá siðaskiftunum eða miðbiki 16. aldar, og lýsir átrúnaði manna á krossinn og undrakraft hans, og þó einkum för manna til Kaldaðarness til að fá þar bót meina sinna. Þó að talsverðir fjörkippir og tilþrif séu í báðum þessum sögum, þá hefir Jóni Trausta oft betur tekist en hér. Fyrri sagan er betri og skaplýsingar þar dágóðar, og þó einna bezt af Salómon, háseta þeirra Hraunbótarfeðga. Hinar virðast nokkuð forneskjukenndar, en geta þó verið sannar. Aftur er seinni sagan ekki laus við að vera dálítið þreytandi með köflum, af því lopinn er þar svo langt spunninn, að frásögnin verður alltof langlokuleg og útúrdúrar höfundarins sjálfs alltof margir og langir. Óviðkunnanlegt er það og að sjá, hvílíkt feikna lof er borið á kvæði Brands gamla, er hann flytur krossinum helga, þar sem kvæðið er eftir höfundinn sjálfan og allt lofið því um hans eigið verk. Þar segir t. d. svo: »Andi og efni runnu saman í einfaldri, háleitri list, þeirri list, sem enginn hefir nokkurn tíma kennt og aldrei verður lærð, þeirri list, sem skapast ósjálfrátt — — þeirri list, sem öllum mikilmennum heimsins er meðsköpuð og ósjálfráð«.

Kvæðið er að vísu gott, en minna mátti nú gagn gera, en annað eins lof frá hendi höfundarins sjálfs. Fleiri smíðalýti mætti og telja á sögum þessum, ef rúmið leyfði, en bæði er, að það hefir þegar verið gert af öðrum, og það fullóþyrmilega, en kostirnir helzt til látnir liggja í láginni, enda þurfum vér á rúminu að halda til að minnast á annað í sambandi við þessa bók, sem ekki dugar að láta óátalið, af því hroðvirkni við útgáfu bóka virðist vera að færast svo í vöxt á Íslandi, að til vandræða horfir. Frágangurinn á bókinni er svo hræmulegur, að heita má, að þar finnist varla nokkur blaðsíða án annaðhvort stafsetningarvillu.....

Valtýr Guðmundsson

2) Úr Ísafold, nóvember 1916; 84. tbl. (08.11.1916)

JÓN TRAUSTI: TVÆR GAMLAR SÖGUR.

Jón Trausti hefir í flestum ritum sínum fengist við lýsingar á íslenzkri alþýðu og sveitalífi, og sótt yrkisefni sín annaðhvort úr nútíðarlífi íslenzku eða leitað aftur í tímann og reynt að lýsa tíðarandanum; hefir hann þá annaðhvort kynt sér rækilega ýms heimildarrit, eins og í Skaftáreldasögunum og Góðir stofnar, eða hann hefir látið sér nægja stuttar lýsingar á einhverjum atburði, og spunnið síðan skáldskaparþráð úr litlum lopa. Í þessum tveim nýkomnu sögum, er nefnast Sýður á keipum (saga frá byrjun 17. aldar), og Krossinn helgi í Kaldaðarnesi (saga frá siðaskiftunum), hefir hann stuðst við stutta frásögn um Kaldaðarneskrossinn í riti dr. Jóns Þorkelssonar »Om Digtningen paa Island«, og frásagnir um Axlar-Björn, er vikið er að í fyrri sögunni.

Fyrri sagan er lýsing á sjómanna lífi undir Jökli, og lýsir taumlausum ástríðum haturs og hefnigirni tveggja formanna, er báðir vilja vera hinum meiri í sjósókn og aflasæld. Verður þessi ástríða þeim báðum að bana, og er frásögnin lipur og skemmtileg og minnir á smásögur Jóns Trausta eins og „Þegar ég var á fregátunni“. Náttúruleysingar hans eru víða góðar, þótt nokkuð langar séu stundum. Er því t. d. vel fyrir komið í sögu þessari að lýsa hrikanáttúru íslenzkri, kolsvörtum, gróðurlausum hraunum, úfnum sjó, og dimmum drungaskýjum. Persónulýsingarnar skýrast miklu betur af umgerð þessari, enda mun óvíða vera glegggra samræmi milli jarðarholds og sálar, náttúru og persóna en á Íslandi. Trausta er venjulega mikið niðri fyrir, er hann byrjar á sögum sínum, hljómmagn hans er því sterkara í byrjun sögu hjá honum en er á sækir og kemur þetta víða í ljós; þarf í þessu sambandi ekki annað en að minna á innganginn í Heiðarbýlinu. Gleggst sést þetta á því, að óbundið málið verður kliðríkara hjá honum, og úir og grúir því af stuðlum hjá honum: „Yfir hraun og hrjóstur; yfir bert og blásið landið gnæfir Snæfellsjökull, hið mikla og útbrunna eldfjall, með gíginn í miðju fjallinu, fullan af jökli. Þar stendur þessi mikli og fagri fjallajöfur sem risavaxið mikilmenni löngu — löngu liðinna stórviðburða í ríki hljóðrar og þunglyndislegrar náttúrunnar. Hið efra er eilífur jökull og ber mjallhvítar hyrnurnar hátt“

.....Persónulýsingarnar eru eðlilegar flestar og minnir Öxnakeldu-Tobbi, er yrkir níðkvæðið um Sigurð formann í hefndarskyni, á Ólaf Ísleifsson í Skaftáreldasögunum. Þó munu ekki margir geta brugðist við eins og Sigurður, er hann heyrir níðkvæðið um sig

flutt í viðurvist óvina sinna, að hann hlær hærra en hinir, og slær þannig vopnið úr höndum óvina sinna um hríð. Til þess þarf meira en lítið þrek, enda er heift hans því meiri er hann hittir sonu sína að máli á eftir og hyggur á hefndir.....

.....Hér hefir að eins verið dregið á örfá atriði í þessari síðustu bók Jóns Trausta, er mun vera sú 19. í röðinni. Hefir orðið óvenju tíðrætt um þennan höfund á síðasta ári og skal hér ekki vikið að þeirri deilu. Strangir ritdómar gera vitanlega meira gagn en vægir, ef þeir hafa við rök að styðjast, og geta glöggir ritdómarar oft gerbreytt skáldskaparstefnu síns tíma og ræktað jarðveginn svo að ekkert illgresi fái þar sprottið. Hvílík feikna áhrif hafði t. d. Lessing, er hann reit »Hamburger Dramaturgie«. En Lessing fór þannig að, að hann benti líka á kosti þeirra rita, er hann dæmdi um, ef ritin annars ekki voru alls ónýt. Íslenzkir ritdómarar hafa flestir hverjir fengist við prentvillna- og mállýtarannsóknir; tínt saman orð og setningar og valið úr lýsingarorðaforða tungunnar — til lofs eða lasts. En fæstir hafa fengist við að rannsaka, hvernig skáldritið sjálft verði til, fyrir hvaða áhrifum skáldið hafi orðið, hvernig hann hafi notað þau áhrif, hvort ritið sé framför eða afturför frá því sem áður var, hvern bás ritinu eigi að marka í bókmenntasögu vorri, hvort mannlýsingarnar séu sannar og eðlilegar, hvort þær séu hlutlægar (objektiv), eða huglægar (subjektiv).

Fyrr en nákvæmar rannsóknir hafa verið gerðar um öll þessi atriði og helzt án þess að nokkru sé slept (vísindalegir ritdómar um skáldrit eru því oft lengri en skáldritin sjálf), er ekki hægt að kveða upp úr um listagildi skáldrita án þess að eiga á hættu, að ritdómurinn sé að meira eða minna leyti rangur. Er því ærið verkefni fyrir hendi fyrir íslenzka ritdómara, þótt ekki væri nema að rannsaka þroskasögu íslenzkra skáldsagna frá því að Jón Thoroddsen reit „Piltur og stúlka“. Í þeirri þroskasögu mun Jóns Trausta víða verða getið. En ritdómarar eru í bezta lagi eins og góðir gimsteinasalar, er kunna að meta gildi steinanna, en sjálfan gimsteininn geta þeir aldrei búið til. Sannur skáldskapur stendur langt fyrir ofan alla ritdóma.

Alexander Jóhannesson